Sjálfsmatsskýrsla Ársala
2021-2022

E. Berglind Guðmundsdóttir, Sólveig Arna Ingólfsdóttir
og Steinunn Þórisdóttir

Efnisyfirlit

Meginniðurstöður 3
Yfirlit matsþátta og einkunnagjöf: 3
Inngangur 4
Leikskólinn Ársalir 4
Nemendafjöldi eftir árgöngum 4
Starfsmenn Ársala 5
Starfsheiti og stöðugildi 5
Húsnæði 6
Áhersluþættir í starfi leikskólans 6
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats 6
Framkvæmd matsins 7
Sjálfsmatsteymi 8
Hlutverk teymis 8
Sjálfsmat skólaárið 2021-2022 9
Yfirlit yfir matsþætti skólaársins 2021-2022: 9
Mat á gæðagreinum úr sjálfsmatskerfinu Hversu góður er leikskólinn okkar? 9
Mat á gæðagreininum Umbætur í starfi Ársala 9
Umbótaáætlun og endurmat skólaársins 2021-2022 10
Mat á starfsáætlun 2020-2021 11
Skólapúlsinn 13
Skólapúlsinn starfsmenn 13
1. Starfið 14
2. Starfsmenn 14
3. Vinnustaðurinn 15
4. Stjórnun 16
5. Uppeldi og menntun 16
6. Símentun og undirbúningstími 17
7. Opnar spurningar 18
Áætlun um sjálfsmat 2021-2024 18
Viðauki I - Sex stiga skalinn 20

Meginniðurstöður

Á síðasta skólaári varð ein breyting á sjálfsmatsteyminu á síðasta skólaári er Herdís Jónsdóttir hætti í teyminu og í hennar stað kom Eygló Gunnlaugsdóttir. Hlutverk teymisins er að undirbúa gæðagreinana fyrir matsfundi, fara yfir þá að loknum matsfundum, yfirfara umbótaáætlun og kynna fyrir starfsmönnum á starfsmannafundi.

Þriggja ára áætlun um mat er sett fram í þessari skýrslu. Áætlunin byggir á gæðaviðmiðum úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er leikskólinn okkar?,* 4. útg. og þeim gæðagreinum sem hafa sérstaklega verið búnir til um skólastarf í Ársölum. Einn matsþáttur var tekin fyrir á síðasta skólaári, matsþátturinn *Umbætur í starfi Ársala.* Gæðagreininn gerði innra matsteymi leikskólans sem byggir á skosku sjálfsmatsaðferðinni *How good is our early learning and childcare?* Íslenska heiti matslistans er *Hversu góður er leikskólinn okkar?* Heildareinkunnagjöf hvers matshóps má skoða hér á eftir. Í skýrslunni er dreginn fram helsti styrkleiki gæðagreinisins sem þátttakendur í matinu lögðu fram. Enn fremur eru umbótaáætlun starfsfólks birt í sér kafla í skýrslunni.

Talsverðar breytingar hafa átt sér stað í starfi Ársala undanfarið skólaár. Allt skólastarfið var tekið til endurskoðunar vegna mikils álags. Tekin var ákvörðun um að einfalda allt starfið og einblína á grunnþætti menntunar sem eru samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla: Læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnréttindi, heilbrigði og velferð og sköpun.

Ákveðið var að hætta með SMT-skólafærni og þess vegna var SET-listinn ekki gerður en hann er matslisti fyrir SMT-skólafærni.

Starfsmannakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir á þessu skólaári. Rýnt hefur verið í niðurstöður könnunarinnar og er heildarsamantekt sett fram í þessari skýrslu. Starfsmannakönnun er lögð fyrir annað hvert ár og foreldrakönnun árið á móti.

Yfirlit matsþátta og einkunnagjöf:

Matsfundir	Einkunnagjöf
Umbætur í starfi Ársala	2,5,5,5,3,4,4,5,4

Til glöggvunar á matsniðurstöðum má skoða gildi hverrar einkunnar skv. einkunnaskala sjálfsmatskerfisins hér á eftir en einnig í ítarlegri útfærslu sem sjá má í viðauka I.

Einkunnaskali skv. sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er leikskólinn okkar?*
Einkunn 6 – *framúrskarandi*
Einkunn 5 - *mjög gott*
Einkunn 4 – *gott*
Einkunn 3 – *fullnægjandi*
Einkunn 2 – *slakt*
Einkunn 1 – *ófullnægjandi*

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 ber sérhverjum leikskóla að móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti innan leikskólans og utan. Mat á leikskólastarfi er skipt í innra- og ytra mat. Innra mat er framkvæmt af starfsmönnum og foreldrum leikskólans en ytra mat af sveitarfélaginu eða Menntamálaráðuneytinu.
Í leikskólanum Ársölum er lögð áhersla á að meta alla þætti skólastarfsins kerfisbundið. Matið er unnið skv. skoskri sjálfsmatsaðferð sem kallast *How good is our early learning and childcare?* sem gefin var út í Skotlandi árið 2016. Starfsmenn Fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddu sjálfsmatsaðferðina yfir á íslensku og nefnist hún *Hversu góður er leikskólinn okkar?* Íslenska þýðingin var gefin út í september 2017. Innleiðing á aðferðinni hófst á haustþingi starfsmanna leikskólanna í Skagafirði í byrjun október sama ár. Um árabil notaði skólinn matsaðferðina *Barnið í brennidepli* sem var forveri þessarrar nýju útgáfu, en byggir á sömu hugmyndafræði. Áætlun um innra mat er sett fram til þriggja ára í senn. Matsaðferðin er bæði samstarfsmiðuð og umbótamiðuð. Gert er ráð fyrir þátttöku allra starfsmanna í matinu eftir því sem við á.

Leikskólinn Ársalir

Haustið 2010 var leikskólinn Ársalir stofnaður en hann er sameinaður úr leikskólunum Furukoti og Glaðheimum. Ársalir eru rekinn á tveimur starfsstöðvum þ.e. yngra stigi við Víðigrund 7B og eldra stigi við Árkíl 2. Í vetur voru 167 nemendur í leikskólanum, 48 nemendur á yngra stigi og 119 nemendur á eldra stigi.

Nemendafjöldi eftir árgöngum

Tölur í töflu miðast við stöðuna í október 2021:

Árgangur	Nemendafjöldi
2016	33
2017	42
2018	36
2019	28
2020	28
Samtals	167

Starfsmenn Ársala

Leikskólastjóri er Guðbjörg Halldórsdóttir í 100% starfshlutfalli. Aðstoðarleikskólastjóri er Sólveig Arna Ingólfsdóttir, einnig í 100% starfshlutfalli. Deildarstjórar eru níu. Þrír deildarstjórar eru á yngra stigi, Dagný Huld Gunnarsdóttir í Lóni, Lilja Magnea Jónsdóttir í Lind og Steinunn Þórisdóttir í Læk en hún tók við af Önnu Maríu Gunnarsdóttur þann 1. nóvember 2021. Sex deildarstjórar eru á eldra stigi Dagbjört Rós Hermundsdóttir í Höfða, Halldóra Björk Pálmarsdóttir í Laut, Elín Berglind Guðmundsdóttir í Hlíð, Bjarnfríður Hjartardóttir í Skógum, Valbjörg Pálmarsdóttir í Þúfu og Ólöf Jósepsdóttir í Kletti.
Samtals eru 59 starfsmenn í Ársölum í 54,83 stöðugildum.

Starfsheiti og stöðugildi

Tölur í töflu miðast við stöðuna í október 2021:

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Leikskóla-kennarar	M.Ed.	Háskóla-menntun A	Þroskaþjálfi	Leikskólaliði	Ófaglærðir	Önnur háskólamenn
Leikskólastjóri	1	1							1
Aðstoðarleikskólastjóri	1	1	1						
Leikskólakennari	11	10,60	11						
Verkefnisstjóri námsaðlögunar	1	0,5				1			
Leikskólasérkennari	5	4,71	5						
Starfsmaður á deild	35	33,4			3		4	26	2
Atvinna með stuðning	1	0,40						1	
Matráður	3	2,22					1	2	
Ritari	1	1					1		
Alls	**59**	**54,83**	**17**	**0**	**3**	**1**	**6**	**29**	**3**

Húsnæði

Leikskólinn Ársalir var opnaður í ágúst 2010. Hann varð til við samruna tveggja leikskóla, Glaðheima og Furukots. Húsnæði leikskólans er annars vegar 1000 fermetra sex deilda bygging og hins vegar „gömlu“ Glaðheimar sem er þriggja deilda, en sú bygging var stækkuð og endurnýjuð árið 1995. Eftir áramótin hófust framkvæmdir við viðbyggingu eldra stigs en viðbyggingin er 300 fermetra glæsileg tveggja deilda bygging tengd við aðalbygginguna. Í viðbyggingunni eru yngstu börnin á eldra stigi og henni tilheyrir sér lóð sem hönnuð er fyrir þennan aldurhóp. Á yngra stigi eru börn á aldrinum 1 til 2 ára og á eldra stigi eru börn á aldrinum 2 til 6 ára. Opnunartími Ársala er annars vegar 07:45-16:15 á yngra stigi og 07:45-16:30 á því eldra.

Áhersluþættir í starfi leikskólans

Einkunnarorð Ársala eru **vinátta, virðing og vellíðan**. Við viljum að öllum líði vel hjá okkur og finnist þeir velkomnir. Það gerum við með því að koma til móts við þarfir hvers og eins og gefa nægt svigrúm fyrir sjálfsprottinn leik. Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins, hann er kennsluaðferð leikskólakennarans og meginnámsleið barnsins. Að leika sér er það sama og að læra að afla sér þekkingar. Við bjóðum upp á fjölbreyttan efnivið og vinnum sérstök verkefni í minni hópum. Við nýtum meðal annars verkfæri eins og *Lífsleikni, Lubba og tákn með tali.* Aðalnámskrá leikskóla fléttast inn í allt starf Ársala. Verið er að móta nýja agastefnu fyrir leikskólann og mun hún byggja að einhverju leiti á SMT skólafærni.

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Leikskólinn Ársalir hefur frá haustinu 2017 notað sjálfsmatsaðferðina *Hversu góður er leikskólinn okkar?* til að meta innra starf skólans með reglubundnum hætti. Sjálfsmatskerfið er skoskt að uppruna og heitir á frummálinu *How good is our early learning and childcare?* Fræðsluþjónusta Skagafjarðar þýddi og gaf út efnið í ágúst 2017. Áður notaði skólinn matsaðferðin *Barnið í brennidepli* sem er forveri sjálfsmatsaðferðarinnar *Hversu góður er leikskólinn okkar?*

Í sjálfsmatskerfinu *Hversu góður er leikskólinn okkar?* byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í þrjá lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

1. **Forysta og stjórnun**
2. **Námsskilyrði**

3. **Velgengni og árangur**

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

1. **Hvernig stöndum við okkur?**
2. **Hvernig vitum við það?**
3. **Hvað gerum við næst?**

Með sjálfsmatsefninu fylgir einkunnaskali sem gerir ráð fyrir einkunnagjöf á bilinu 1-6. Sett eru fram viðmið um einkunnina 5 eða ***mjög gott,*** sem merkir að styrkleikar einkenni ákveðið svið skólastarfsins. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það starf sem við kemur tilteknum gæðagreini sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra. Sjá einkunnaskala í viðauka I.

Framkvæmd matsins

Gerð er áætlun til þriggja ára um þá þætti í skólastarfinu sem leggja á fyrir til mats. Áætlunin tekur til þeirra þriggja lykilþátta sem sjálfsmatskerfið ***Hversu góður er leikskólinn okkar?*** byggir á auk þeirra gæðagreina sem starfsfólk skólans hefur búið til og byggja á sérstöðu skólans. Sjá þriggja ára áætlun um sjálfsmat nánar síðar í skýrslu.

Starfsmenn leikskólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Tvö matseyðublöð fylgja hverjum gæðagreini, annars vegar *dæmi um gæðaviðmið* og hins vegar *dæmi um gagnlegar spurningar* sem snúa að gæðagreininum. Ætlast er til þess að skólar meti ýmist gæðagreininn í heild sinni eða velji gæðaviðmið og/eða gagnlegar spurningar úr matseyðublöðunum til mats og umbóta. Jafnframt eru skólar hvattir til að bæta við gæðaviðmiðum sem snúa að sérstöðu skólans og aðlaga með þeim hætti sjálfsmatskerfið að skólastarfi á hverjum stað. Í leikskólanum Ársölum hefur verið ákveðið að nota eingöngu *dæmi um gæðaviðmið* við matið.

Hver matshópur ígrundar atriðin sem lögð eru fyrir til mats hverju sinni og gefur þeim einkunnir skv. einkunnaskalanum sem fylgir efninu, sjá viðauka I. Matsaðilar koma sér svo saman um eina heildareinkunn sem gefin er í lokin fyrir gæðagreinirinn sem liggur fyrir til mats. Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast umbóta í gæðagreininum séu dregnir fram, rökstuddir og skráðir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“ í þessu tilliti.

Þegar matsvinnunni er lokið er umbótaáætlun unnin á grunni niðurstaðna. Þar eru markmiðssettar umbótatillögur settar fram, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna.

Draga má saman og skilgreina vinnubrögð í mati með aðferðum sjálfsmatskerfisins *Hversu góður er leikskólinn okkar?* í fjórum skrefum:

1. ***Skilgreining lykilþátta***, undirþátta eða þema eftir því sem við á.
2. ***Skilgreining viðmiða***, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einkunnaskali frá 1-6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða ***framúrskarandi.*** Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ekki er formlega unnt enn sem komið er hér á landi að kalla eftir slíkri endurgjöf utanaðkomandi aðila
3. ***Greining sterkra þátta í skólastarfi svo og þátta sem þarfnast umbóta,*** umsögn og einkunnagjöf.
4. ***Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn,*** eða að viðhalda henni. Stefnumótun í umbótaáætlun eftir því sem við á.
5. ***Eftirfylgni umbóta,*** stjórnendur leikskólans tryggja að umbótum sé fyllt eftir og endurmat sé gert eftir þörfum.

Sjálfsmatsteymi

Sjálfsmatsteymi er starfrækt í Ársölum og í því sitja Sólveig Arna (teymisstjóri), Elín Berglind, Eygló, Halldóra Björk, Rósa Mary (ritari) og Valbjörg. Ein breyting var á teyminu er Herdís Jónsdóttir hætti og í hennar stað kom Eygló Gunnlaugsdóttir.

Hlutverk teymis

Teymið fundar eftir þörfum hverju sinni. Teymið sér um að yfirfara og undirbúa gæðagreina fyrir matsfundi. Teymið sér einnig um að vinna úr niðurstöðum, yfirfara umbótaáætlun og kynna hana fyrir starfsmönnum. Auk þess sem endurbætur á umbótaáætlun eru kynntar önnina eftir að umbótaáætlun er gerð.

Sjálfsmat skólaárið 2021-2022

Vinnan með sjálfsmatið er komin í nokkuð fastar skorður og starfsmenn flestir að verða vel þjálfaðir í þessari vinnu. Sjálfsmatsteymið fundar reglulega sem gerir alla vinnu við sjálfsmatið skilvirkari og auðveldari. Síðastliðið skólaár voru haldnir fjórir teymisfundir. Á þeim fundum var farið yfir gæðagreina sem unnir voru í janúar 2021. Einnig var farið yfir þróunaráætlun og endurbætur gæðagreinanna: *Málörvun, Myndlist og Tónlist* og þeir kynntir fyrir starfsmönnum á starfsmannafundi. Sjálfsmatsteymið útbjó gæðagreinirinn *Umbætur í starfi Ársala* og var það eini gæðagreinirinn sem unnið var með þetta skólaárið. Auk þess var farið yfir þróunaráætlun og endurbætur á gæðagreininum *Umbætur í starfi Ársala* á starfsmannafundi.

Yfirlit yfir matsþætti skólaársins 2021-2022:

Matsþættir úr sjálfsmatsefninu *Hversu góður er leikskólinn okkar?*
Umbætur í starfi Ársala

Mat á gæðagreinum úr sjálfsmatskerfinu Hversu góður er leikskólinn okkar?

Heildareinkunnagjöf vegna mats á gæðagreininum á matsfundi:

Matsfundir	Einkunnagjöf
Umbætur í starfi Ársala	2,5,5,5,3,4,4,5,4

Mat á gæðagreininum Umbætur í starfi Ársala

Gæðagreinirinn var metinn af starfsmönnum hverrar deildar fyrir sig. Hver deild mat sömu þætti í starfinu sem snéru að umbótastarfi sem byrjað var á í leikskólanum síðastliðið haust. Helstu styrkleikar eru að allt starfsfólk hefur tekið þátt í umbótunum. Flestir upplifa að sveigjanleiki og sjálfstæði deildanna hafi aukist að einhverju leiti. Það sem hefur áunnist í breytingarferlinu er að dagskipulag allra deilda hefur verið endurskoðað og endurmetið til góðs fyrir starfið á deildunum. Með því að rýna og endurskoða starfið á deildunum hefur okkur tekist að draga úr álaginu sem myndast á ákveðnum tímum dags. Deildarfundir eru að lámarki haldnir einu sinni í mánuði yfir vetrartímann en alltaf er hægt að óska eftir fleiri fundum ef deildarstjóri telur þörf á því. Einnig er alltaf hægt að óska eftir að stjórnendur, leikskólastjóri og/eða aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri námsaðlögunar, komi á deildarfundi. Unnið hefur verið markvisst að því að stytta boðleiðir svo skilaboð komist til

allra sem þau varða. Með auknum undirbúningstímum í leikskólanum ætti starfsfólki að gefast tækifæri til að sækja sér upplýsingar og lesa fundargerðir. Í vinnunni og matinu á gæðagreininum *Umbætur í starfi Ársala* hefur tekist að setja fram skýrari leið að markmiðum umbótaáætlunarinnar.

Einnig kemur fram upplýsingaflæði milli stiga sé ábótavant en við teljum að brugðist hafi verið með því með því að halda sameiginlega deildarstjórafundi einu sinni í mánuði. Það kemur einnig fram að fólk er feimið að taka til máls á stórum fundum svo sem á starfsmannafundum og þess vegna er óskað eftir deildarfundum með stjórnendum. Með breyttu skipulagi í leikskólanum þar sem reynt hefur verið að auka sjálfstæði deilda hafa komið upp smávægilegir hnökrar sem hægt hefur verið að vinna úr og leysa í samráði við aðrar deildir svo sem svæðaskipan innan- og utanhúss.

Umbótaáætlun og endurmat skólaársins 2021-2022

Umbætur í starfi Ársala	
Hvað þarf að gera?	**Endurmat á umbótaáætlun**
Bæta upplýsingaflæði til allra starfsmanna.	Komið í lag
Starfsfólk þarf að vera duglegt að sækja sér upplýsingar sjálft. Til dæmis inn á Drive. Sýna sjálfstæði og biðja um undirbúning til upplýsingaöflunar.	Í ferli.
Útisvæði nýtist ekki vel á eldra stigi.	Í ferli.
Stjórnendur missa yfirsýn.	Komið í lag.
Ræða þarf við annað starfsfólk ekki einungis deildarstjóra.	Í ferli.
Auka samráð á milli deildarstjóra og leikskólastjóra.	Komið í lag.
Það þarf mikið utanumhald um stuðnings deildina	Komið í lag.
Miðla upplýsingum um hvernig umbótaáætlun hefur gengið fyrir sig á eldra stigi til yngra stigs	Komið í lag.
Endurskoða starf deildar reglulega.	Í ferli
Reglulegir deildarfundir, helst hálfsmánaðarlega)	Komið í lag
Bæta upplýsingaflæði til deildarstjóra.	Komið í lag
Gefa tíma fyrir fundi svo starfsfólk geti sagt sína skoðun.	Komið í lag

Hafa þarf deildarfund með stjórnendum.	Í ferli
Bæta þarf svæðaskiptingu innan húss, sjötti hver vinnudagur er of sjaldan á svæði.	Í ferli
Hafa vel ígrundaða og skýra sýn með breytingunum svo allir séu upplýstir.	Í ferli
Jafna álag yfir daginn.	Í ferli
Skýrari leið að markmiðinu.	Í ferli

Mat á starfsáætlun 2020-2021

Mat á starfsáætlun fór þannig fram að leikskólastjóri fór yfir hvern kafla og merkti hvað hafði tekist og hvað komst ekki í verk. Það má segja í stuttu máli að flest allt innra starf starfáætlunarinnar hafi gengið upp. Matið er sett upp þannig að hver kafli er gerður upp eftir því sem við á.

Við þyrftum að búa okkur til matslista eins og eru í sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er leikskólinn okkar?* og meta árangur starfsáætlunarinn að vori vonandi náum við því fyrir næsta mat á starfsáætluninni.

Fyrir fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2022 sendi leikskólastjóri sviðsstjóra veitu og framkvæmdasviðs og fræðslustjóra lista um það sem þyrfti að gera tengt viðhaldi í Ársölum. Settir voru peningar til lagfæringar á lóðum og húsnæði beggja stiga.

Viðhald eldra stig	
Mála sameiginlega rými.	Ólokið
Laga grasið á lóð eldra stigs.	Gert að hluta
Setja gervigras á fótboltavöll.	Ólokið
Planta skjólbelti sunnan og vestan við lóðina.	Ólokið
Viðhald á hurðum sem farnar eru að skekkjast.	Ólokið
Setja brunasegla á brunavarnahurðir og tengja við brunakerfið.	Ólokið
Laga rennihurð í Skógum.	Lokið
Lagfæra leka og stoðir á stálvöskum á deildum.	Ólokið
Almennt viðhald á útileiktækjum.	Ólokið
Úrbætur á loftræstikerfum, sameina kerfin sem eru í húsinu.	Ólokið

Viðhald yngra stig	
Athuga hvað veldur leka á kaffistofu og á gangi.	Ólokið
Bæta við hornalistum.	Ólokið
Taka viftu úr glugga í undirbúningsherbergi og skipta um rúðu.	Ólokið
Hljóðeinangra vegg í undirbúningi sem snýr að deildinni.	Ólokið
Endurbætur á leiktækjum lóðarinnar með tilliti til aldurs barna.	Lokið
Fúaverja girðingu og garðskúr.	Gert að hluta
Mála sameiginlega rými.	Ólokið
Setja brunasegla á brunavarnahurðir og tengja við brunakerfið.	Ólokið
Bæta aðgengi að opnanlegum fögum í sal.	Ólokið
Almennt viðhald á útileiktækjum.	Ólokið

Viðhaldslistinn í starfsáætlunni er misjafnlega langur og ekki má gleyma að það kemur líka oft eitthvað óvænt upp á sem þarfnast viðhalds strax.

Starfsþróunarsamtöl	
Allir starfsmenn eiga rétt á samtali við leikskólastjóra og/eða aðstoðarleikskólastjóra.	Lokið

Símenntunaráætlun 2021-2022	
Könnunarleikur – málstofa.	Lokið
Málörvunarefni – málstofa.	Lokið
Samverustund – málstofa.	Lokið
Fundarstjórnun – fyrirlestur.	Lokið
Hversu góður er leikskólinn okkar – Sjálfsmat.	Lokið
Fagfundur leikskólakennara.	Lokið
Leikur að læra – fyrirlestur.	Lokið
Leikskólaheimsóknir á Selfossi.	Lokið
Heimspeki með börnum – fyrirlestur.	Lokið
Grunnþættir menntunar – fyrirlestur.	Lokið
Leiðtogaþjálfun – fyrirlestur.	Lokið
Rýmingaræfing.	Lokið
Hvort viltu vera gleðigjafi eða fýlupúki – fyrirlestur.	Lokið

Fjölbreyttar kennsluaðferðir fyrir fjöruga krakka – fyrirlestur.	Lokið
Verndarar barna, fræðsla í forvörnum og viðbrögðum við kynferðislegu ofbeldi á börnum – fyrirlestur.	Lokið
Fjölmenning – fyrirlestur.	Lokið
Fræðsla frá hjúkrunarfræðingi um innihald og notkunarmöguleika á efni sjúkrakassa leikskólans.	Lokið
Þú hefur áhrif – fyrirlestur.	Lokið
Kynning á starfsemi Farskólans – fyrirlestur.	Lokið
Geðheilbrigði barna og ungmenna – fyrirlestur.	Lokið
Farsældarfrumvarpið – fyrirlestur.	Lokið
Barnavernd, tilkynningarskylda.	Ólokið

Skólapúlsinn

Foreldra- og starfsmannakannanir eru lagðar fyrir annað hvert ár að jafnaði. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og verkefni Skólavogarinnar. Skólavogin er tæki sem mörg sveitarfélög nýta, þar á meðal Sveitarfélagið Skagafjörður. Kerfið heldur meðal annars utan um ýmsar rekstrarupplýsingar um skólastarfið og skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra/forsjáraðila og kennara í skólum við aðra grunnskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í sumum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Viðmiðunarreglan er sú að meðaltalsmunur upp á 0,5 stig á staðalníukvarða telst *ekki mikill munur*, munur upp á 1,0 stig telst *töluverður munur* og munur upp á 1,5 stig telst *mikill munur*. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Í sumum tilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun.

Skólapúlsinn starfsmenn

Samræmd starfsmannakönnun á vegum Skólapúlsins var framkvæmd í mars 2022. Könnunin var send út til allra starfsmanna í leikskólanum og var fjöldi þátttakenda 55 en fjöldi svarenda 46 og svarhlutfallið því 83,6 %. Könnunin mælir 21 almennan þátt. Til viðbótar voru starfsmenn sem starfa á deild beðnir um að gefa upplýsingar um 20 þætti í sértæka

hlutanum. Niðurstöður eru birtar með samanburð milli ára og við landsmeðaltal viðmiðunarhóps, en hann mynda allir leikskólar sem taka þátt í könnuninni. Könnuninni er skipt upp í sjö lykilþætti. Í almenna hlutanum eru; *starfið, starfsmenn, vinnustaðurinn og stjórnun.* Í sértæka hlutanum eru; *uppeldi og menntun, símenntun og undirbúningstími og opnar spurningar.*

1. Starfið

Matsþættir ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	5,3	45	0,3	5,1	1.492	0,2
1.2. Skýrleiki hlutverks	5,5	45	-0,2	5,3	1.489	0,2
1.3. Ágreiningur um hlutverk	5,3	45	0,5	4,6	1.489	0,7*
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	4,8	45	-0,6	5,1	1.491	-0,3

Í lykilþættinum *starfið* kemur fram að örlítið fleiri starfsmenn í Ársölum en í viðmiðunarskólunum telja vinnuálagið vera of mikið. En það er jafnframt aðeins fleiri starfsmenn sem telja skýrleika hlutverks vera meiri en á landsvísu og telur 93,3% starfsmanna að það viti mjög oft eða alltaf til hvers er ætlast af þeim í starfinu. Ágreiningur um hlutverk mælist marktækt meiri heldur en á landsvísu. Átta af fjörutíu og fimm starfsmönnum finnst þeir þurfa fremur oft eða mjög oft að gera eitthvað sem þeim finnst að ætti að gera öðruvísi. Hlutfallslega færri starfsmönnum en í viðmiðunarskólunum finnst vera jákvæðar áskoranir í starfi en samt sem áður finnst 75,5% starfsmanna starfið þeirra vera fremur eða mjög oft krefjandi í jákvæðri merkingu.

2. Starfsmenn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	4,9	43	-0,4	4,8	1.461	0,1
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	4,2	43	-0,6	5,0	1.461	-0,8*
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	5,3	43	0,5	4,8	1.459	0,5

Í lykilþættinum *starfsmenn* kemur fram að meirihluti starfsfólks telur sig búa yfir leikni í starfi, rúmlega 80% starfsmanna Ársala eru ánægðir með gæði vinnu sinnar, afköstin sem þeir skila og færni þeirra til að leysa vandamál. Milli landsins alls og leikskólans má sjá mun

þegar kemur að skuldbindingu starfsmanna til vinnustaðarins. Lægra hlutfall starfsmanna í leikskólanum, eða 58,1 %, er frekar eða mjög sammála því að gildi sín samræmist vel gildum vinnustaðarins miðað við 70,4% á landsvísu. Mun hærra hlutfall starfsmanna eru hins vegar hlutlausir um þann þátt miðað við landameðaltal, eða 32,6% í Ársölum á móti 18,2 % á landinu öllu. Niðurstöður varðandi hvort starfsmenn telji að kröfur í vinnunni trufli heimilislífið og fjölskyldulífið eru að starfsmenn telja þær bæði minni milli ára og einnig miðað við niðurstöður fyrir landið allt.

3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	4,2	44	-0,7	5,1	1.451	-0,9*
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	4,3	42	-	4,8	1.404	-0,5*
3.3. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,0	44	-0,5	5,4	1.441	-0,4
3.4. Stuðningur við nýsköpun	4,5	44	-0,8	5,3	1.439	-0,8*
3.5. Mismunun	5,2	44	0,4	4,8	1.436	0,4
3.6. Einelti (þú)	18,2%	8/44	9,5%	4,5%	65/1442	13,7%*
3.7. Einelti (annar en þú)	18,6%	8/43	-1,4%	12,3%	175/1420	6,3%
3.8. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	11,6%	5/43	7,2%	5,9%	84/1420	5,7%

Í lykilþættinum *vinnustaðurinn* kemur fram að starfsandinn er marktækt undir landsmeðaltali en fjórtán af fjörutíu og fjórum starfsmönnum finnst vinnustaðurinn einkennast nokkuð eða frekur mikið af tortryggni og vantrausti. Ánægja með vinnuaðstöðuna er einnig marktækt meiri en 40,5% starfsmanna eru frekar eða mjög óánægðir með húsnæðið og aðstöðuna á vinnustaðnum sínum. Stuðningur við nýsköpun er marktækt minni en í viðmiðunarskólunum og er þónokkur breyting á milli ára þar sem þessi þáttur mældist örlítið hærri en landsmeðaltalið í síðustu könnun. Einelti mælist marktækt meira í Ársölum en viðmiðunarskólunum og eru 8 starfsmenn sem telja sig hafa orðið fyrir áreitni eða einelti.

4. Stjórnun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,7	44	-0,1	5,5	1.420	0,2
4.2. Sanngjörn forysta	5,4	44	-0,3	5,4	1.417	0,0
4.3. Valdeflandi forysta	5,5	44	-0,4	5,8	1.409	-0,3
4.4. Ræktun mannauðs	4,2	44	-1,1	5,4	1.415	**-1,2***

Í lykilþættinum *stjórnun* kemur fram að stuðningur frá yfirmanni er meiri en í viðmiðunarskólunum og eru 90-95% starfsmanna sem telja sig fá stuðning og aðstoð frá næsta yfirmanni og að hann sé fús til að hlusta á vandamál sem upp koma í vinnunni. Sanngjörn forysta er á pari við landsmeðaltalið en valdeflandi forysta er örlítið lægri en á landsvísu. Ræktun mannauðs er marktækt lægri og finnst starfsmönnum þeim ekki umbunað nóg, ekki hugsað nógu vel um starfsmenn og stjórnendum ekki nógu umhugað um heilsufar og velferð starfsmanna.

5. Uppeldi og menntun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna	5,0	38	-0,7	5,1	1.498	-0,1
5.2. Trú á eigin getu við daglegt skipulag	4,8	38	-0,4	4,7	1.493	0,1
5.3. Trú á eigin getu við að tryggja jöfnuð	5,6	37	-0,5	5,4	1.469	0,2
5.4. Samstarf í leikskólanum	4,7	37	-0,5	5,4	1.470	**-0,7***
5.5. Virkar samræður um starfið	5,0	33	0,8	5,0	1.345	0,0
5.6. Virkni foreldra í leikskólastarfinu	4,9	36	-1,2	5,6	1.396	**-0,7***
5.7. Aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans	74,2%	$23_{/31}$	-11,1%	72,5%	$783_{/1080}$	1,7%
5.8. Ánægja með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir	88,9%	$32_{/36}$	-3,0%	78,6%	$1048_{/1333}$	10,3%
5.9. Upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir	64,7%	$22_{/34}$	-18,2%	74,7%	$965_{/1291}$	-10,0%

Í lykilþættinum *uppeldi og menntun* kemur fram að mikil ánægja er með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir og eru um 90% starfsmanna frekar eða mjög ánægðir með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir. Upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir hefur þó lækkað um 18,2 % milli ára. Aðgengi að ráðgjöf og sérfræðingum er meira en í viðmiðunarskólunum en aðgengi hefur þó lækkað á milli ára. Trú á eigin getu og

að tryggja jöfnuð er meiri en á landsvísu. Virkar samræður um starfið er á pari við landið og hefur ánægja með þennan þátt aukist milli ára. Samstarf í leikskólanum er marktækt minna en í viðmiðunarskólunum og er marktækur munur á því hversu mörgum finnst deildarstjórar vinna saman og að samstarfið alls starfsfólks sé gott. Virkni foreldra í leikskólastarfinu er einnig marktækt minni og telja 80% starfsmanna að foreldrar taki ekki þátt í umræðu um skólanámskránna.

6. Símentun og undirbúningstími

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma	91,7%	22/24	-8,3%	85,2%	1014/1190	6,5%
6.2. Hlutfall starfsmanna sem fær nægan undirsbúningstíma	77,3%	17/22	8,9%	75,7%	743/981	1,6%
6.3. Þátttaka í þróunarstarfi	61,1%	22/36	12,4%	38,4%	545/1421	**22,7%***
6.4. Starfsþróunarsamtal á sl. 12 mánuðum	30,6%	11/36	-7,9%	57,9%	835/1443	**-27,3%***
6.5. Símenntunarþörf starfsfólks	4,0	31	-0,5	4,2	1.333	-0,2
6.6. Símenntunarþörf starfsfólks (annað)	-	7	-	-	-	-
6.7. Hlutfall starfsfólks sem hefði viljað meiri símenntun undanfarið ár	61,1%	22/36	0,6%	54,9%	773/1407	6,2%
6.8. Hindranir í símenntun starfsfólks	38,9%	7/18	-16,1%	41,7%	265/636	-2,8%
6.9. Hindranir í símenntun starfsfólks (aðrar)	-	3	-	-	-	-

Í lykilþættinum *símenntun og undirbúningstími* eru fjórir þættir af sjö yfir landsmeðaltali, einn þáttur mælist marktækt lægri en landsmeðaltalið. Tölfræðilega jákvæður marktækur munur mælist varðandi þátttöku starfsmanna í þróunarstarfi, bæði milli ára og miðað við landið allt. 61,1% þeirra sem svöruðu könnuninni segjast taka þátt í þróunarstarfi skólans miðað við 38,4% landsmeðaltalsins. Einnig hefur hlutfallið hækkað milli ára, úr 48,7% árið 2020 í 61,1% árið 2022. Tölfræðilega neikvæður marktækur munur mælist þegar kemur að starfsþróunarsamtölum, leikskólinn mælist töluvert undir landsmeðaltali, ellefu starfsmenn af 25 segjast hafa farið í starfsþróunarsamtal á síðastliðnum tólf mánuðum eða 30,6% svarenda meðan 57.9% svarenda á landsvísu segjast hafa farið í starfsþróunarsamtal og hlutfall starfsþróunarsamtala í leikskólanum hefur lækkað milli ára. Meiri áhugi fyrir aukinni símenntun mælist meðal starfsmanna í Ársölum heldur en á landinu öllu og mælist þessi þáttur einnig hærri miðað við landsmeðaltöl frá árunum 2018 til ársins 2021. 61,1%

starfsmanna hefðu viljað taka þátt í meiri símenntun en þeir gerðu síðastliðna tólf mánuði. Töldu starfsmenn ýmist of mikinn kostnað og/eða of lítið svigrúm vegna vinnutíma hindra þá í að taka þátt í meiri símenntun. Fimm starfsmenn sögðu nokkra hindrum felast í að stuðning vantaði frá stjórnendum.

7. Opnar spurningar

Dæmi um svör við opnum spurningum hjá starfsfólki: Fækka þarf börnum á deildum og umbuna starfsmönnum fyrir aukið álag og góða mætingu og senda börnin heim ef það er undirmannað. Mikilvægt að þétta starfsmannahópinn með hittingum og skemmtun utan vinnu. Starfsmenn þurfa að fara með vandamálin á rétta staði ef eitthvað er að. Bjóða þarf foreldrum oftar inn í leikskólann og hafa fleiri foreldrasamtöl. Starfsmenn þurfa að vera duglegri að nýta öll tækifæri til endurmenntunar. Komið er fram við starfsmenn af virðingu og andrúmsloftið í leikskólanum er gott og starfsfólk lausnamiðað og vinnur vel saman. Vinna með börnunum er gefandi og samskipti við börnin eru góð og persónuleg. Það er faglegt starf í leikskólanum og starfsmenn hafa metnað fyrir vinnu sinni og verkefnin eru krefjandi á jákvæðan hátt. Betra húsnæði þarf fyrir yngra stig. Meiri samvinnu þarf á milli deilda. Skapa þarf svigrúm fyrir meiri tíma til samráðs og samskipta án barnanna.

Áætlun um sjálfsmat 2021-2024

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir matsþætti skv. Sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er leikskólinn okkar?* og áætlun til þriggja ára um hvenær ráðgert er að leggja þá fyrir til mats og umbóta. Lykilþættirnir þrír úr efninu eru auðkenndir með bláum, fjólubláum og grænum lit. Gæðagreinar sem unnir eru af starfsmönnum Ársala er auðkenndir með gulum lit. Jafnframt er hægt að sjá yfirlit yfir hvenær kannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólastarf séu birtar. Eins og glöggvir lesendur sjá þá tókst ekki að halda áætlun skólaárið 2021-2022. Eingöngu var tekinn fyrir einn gæðagreinir sem tengdist umbótunum sem aðaláherslan var lögð á á síðasta skólaári. Þess vegna færast þrír gæðagreinar fram á næsta skólaár, 2022-2023, sem hefur það að verkum að áætlunin hefur riðlast. Það má alltaf gera ráð fyrir að ekki sé hægt að fylgja öllum áætlum út í ystu æsar

heldur verður áætlunin að laga sig að starfinu og aðstæðum í leikskólanum hverju sinni. Sjá uppfærða áætlun næstu þriggja ára.

Skólaár	**2021-2022**	**2022-2023**	**2023 -2024**
Haustönn			
		gg. 2.4 Einstaklingsmiðun	gg. 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna
		gg. 2.1 Vernd barna	gg. 1.3 Breytingastjórnun
	gg. Umbætur í leikskólastarfi - Ársalagæðagreinir	gg. 2.7 Samstarf	gg. Starfsandi - Ársalagæðagreinir
Nóvember	Starfsáætlun	Starfsáætlun	Starfsáætlun
Vorönn			
	gg.2.4 ~~Einstaklingsmiðun~~ færist til næsta skólaárs	gg. 2.3 Nám, kennsla og námsmat	gg. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni
	gg. 2.1 ~~Vernd barna~~ færist til næsta skólaárs	gg. 2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi	gg. 1.2 Forysta í leikskólastarfi
	gg. 2.7 ~~Samstarf~~ færist til næsta skólaárs	gg. 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar	gg. TMT, vinastund, fjölmenningardagar og uppákomudagar - Ársalagæðagreinar
Febrúar	Starfsmannakönnun Skólapúlsins		Starfsmannakönnun Skólapúlsins
Mars		Foreldrakönnun Skólapúlsins	
Október	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla

Viðauki I - Sex stiga skalinn

Við notum Sex stiga einkunnaskalann til að meta gæðagreinana. Menntayfirvöld, sveitarfélög og opinberar stofnanir nota einkunnaskalann í þeim tilgangi að meta starf mismunandi stofnana. Taka þarf fram að þegar einkunnagjöf er notuð gildir hún fyrir allan gæðagreininn. Hægt er að meta menntun í víðu samhengi. Hafa ber í huga að þegar einkunnaskalinn er notaður til að meta skólastarf þarf matið að snúast um faglega hæfni fremur en tæknilega útfærslu. Almennar leiðbeiningar um einkunnagjöf, sem ætti að nota jöfnum höndum í matinu, má sjá hér á eftir.

Framúrskarandi	Einkunnin ***framúrskarandi*** merkir að tiltekið svið skólastarfs sé framúrskarandi og leiðandi á landsvísu. Námsreynsla og námsárangur allra nemenda er framúrskarandi. Einkunnin framúrskarandi er gefin fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag. Einkunnin, byggir á sanngirni, þátttöku og faglegri þekkingu sem er samofin skólasamfélaginu og styður við framfarir á öllum sviðum. Hún felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður viðhaldið.

Mjög gott	Einkunnin ***mjög gott*** merkir að styrkleikar einkenna tiltekið svið skólastarfsins. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Einkunnin mjög gott felur í sér mikil gæði í kennslu og námi nemenda og allir ættu að geta náð því viðmiði. Væntingar eru um að skólinn muni nota sjálfsmatið áfram til skipulagningar á umbótum og vinni að því að bæta nám og kennslu í átt að framúrskarandi skólastarfi.

Gott	Einkunnin ***gott*** merkir að mikilvægir styrkleikar séu í skólastarfinu þrátt fyrir að enn séu þættir sem þarfnist umbóta. Styrkleikarnir hafa merkjanleg, jákvæð áhrif á næstum því alla nemendur. Þar sem gæði námsreynslu nemenda eru skert á einhvern hátt er þörf á umbótum. Það bendir til að skólinn ætti að skjóta styrkari stoðum undir styrkleika og grípa til aðgerða á þeim sviðum sem þarfnast umbóta.

Fullnægjandi	Einkunnin ***fullnægjandi*** merkir að styrkleikar á tilteknu sviði skólastarfsins rétt nái að vega þyngra en veikleikar. Einkunnin gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Hún greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda og einnig að veikleikar séu ekki það miklir að þeir hafi neikvæð áhrif á námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Einkunnin bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja meira á styrkleikum sínum.

Slakt	Einkunnin ***slakt*** merkir að það séu veikleikar í mikilvægum þáttum á tilteknu sviði skólastarfsins. Þrátt fyrir að koma megi auga á einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu, annað hvort á stöku stað eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Einkunnin bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.

Ófullnægjandi	Einkunnin ***ófullnægjandi*** merkir að mikilvæg atriði á tilteknum sviðum skólastarfsins séu slök og þarfnist tafarlausra umbóta. Námsreynsla nemenda er sýnilega í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Venjulega felur það í sér samvinnu við starfsfólk í öðrum skólum eða samstarfsstofnunum.